

Reglur um hegðun og framkomu í Waldorfskólanum Sólstöfum

1. Tilgangur

Nemendur, forráðamenn og starfsfólk skólans skulu saman stuðla að góðu skólasamfélagi sem byggist á góðum gildum eins og samvinnu, vellíðan, virðingu og umburðarlyndi. Allir bera ábyrgð á því að bregðast við og tilkynna ef þeir verða vitni að, eða grunar um að nemendur verði fyrir áreiti eða ósæmilegri hegðun eða orðum. Allir skulu fylgja almennum reglum og venjum samfélagsins, þar með talið almennti kurteisi.

Reglur Waldorfskólans eru tæki til að ná þessu markmiði. Reglurnar byggja á þeirri hugmynd að skólinn sé fyrir nemendur og að þær stuðli að góðu skólasamfélagi fyrir alla. Reglurnar gilda á svæði skólans bæði inni og úti, í næsta nágrenni á skólatíma, á leið til og frá skóla, í vettvangsferðum, skólaferðum og öðrum viðburðum á vegum skólans. Þær gilda einnig fyrir atvik utan skólatíma sem tengjast skólagöngu með skýrum hætti.

Í öllum málum sem tekin eru fyrir samkvæmt þessum reglum skulu hagsmunir barnsins vera í fyrirrúmi og tekið mið af því sem barninu er fyrir bestu.

Samkvæmt 30. grein menntalaga ber öllum aðilum skólasamfélagsins að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag. Skólastjórum og kennurum ber að eiga samráð við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi og eru þessar reglur undirstaða fyrir það starf.

2. Réttindi og skyldur nemenda

Þú átt rétt á:

- Að allir komi fram við þig og eigur þínar af virðingu.
- Að vera laus við einelti og áreitni – bæði líkamlega, andlega og munnlega.
- Að njóta góðs náms- og skólaumhverfis.
- Að fá áheyrn, láta í ljós skoðanir þínar og fá að tjá þig.

Þér ber skylda til að:

- Sýna öðrum nemendum, kennurum og starfsfólki í skólanum virðingu.
- Ganga vel og af virðingu um skólann og eigur hans.
- Ekki leggja í einelti eða áreita, hvorki stafrænt, líkamlega, andlega né munnlega.
- Vera þátttakandi í að stuðla að góðu náms- og skólaumhverfi.

3. Reglur og hegðun

Góð hegðun felst í:

- Að sýna virðingu í kennslustund og halda vinnufrið.

- Að taka virkan þátt í náminu.
- Ekki svindla í könnunum eða verkefnum, né taka lausnir eða verk annarra og birta sem sín eigin.
- Að vera kurteis og sýna öllum tillitssemi og virðingu.
- Ekki útiloka, niðurlægja eða baktala aðra.
- Ekki nota gróft orðbragð eða blótsyrði.
- Ekki slá til annarra, slást eða trufla leiki annarra.

Góð hegðun felst einnig í:

- Að mæta stundvíslega í skólann og í kennslustundir.
- Að fylgja reglum skólans og tilkynna forföll.
- Að koma með námsgögn og nauðsynlegan búnað sem beðið er um.
- Að leggja sig fram í námi og skila verkefnum á réttum tíma.
- Að nota stafræna tækni á ábyrgan hátt, fylgja vinnureglum og reglum um búnað.
- Að fylgja reglum um símalausan skóla á skólatíma.
- Að ganga vel um á skólalóð, í sameiginlegum rýmum og í skólastofum.

4. Meiðyrði, ofbeldi eða ólögleg hegðun

Ofbeldishegðun getur verið einstök eða endurtekin, þar sem valdaójafnvægi ríkir milli aðila, t.d.:

- Einelti þar sem annar nemandi er meiddur andlega eða líkamlega.
- Útilokun, baktal og áreitni.
- Líkamlegt eða andlegt ofbeldi.

Ólögleg hegðun er hegðun sem fellur undir hegningarlög, s.s.:

- Notkun eða varsla vímuefna.
- Notkun hættulegra hluta eða vopna.
- Kynþáttahatur eða mannréttindabrot.

5. Aðrar upplýsingar

- Meira en 15 mín. seinkun eftir að kennsla hefst, telst sem ein kennslustund í fjarvist.
- Í aðalkennslustund telst mæting eftir 45 mín. sem fjarvera úr tveimur kennslustundum.

- Nemendur bera ábyrgð á eigin eigum – forðast skal að taka verðmæti með í skólann.
- Nemendur eiga rétt á að tjá sig í viðurvist forráðamanna áður en til viðurlaga kemur vegna brota á skólareglum.
- Kennarar beiti sanngjörnu mati í viðbrögðum við hegðunarbrotum.
- Starfsfólk skólans þarf leyfi nemanda eða forráðamanna til að leita í eigum nemanda.
- Einelti og áreitni utan skólatíma og neteinelti getur líka fallið undir reglur skólans ef atvik tengist skólalífi.
- Starfsfólk skólans má aðeins beita viðurkenndum aðferðum við líkamlegt inngripi til að koma í veg fyrir að nemandi skaði sjálfan sig eða aðra eða valdi skemmdum á eigum skólans.

6. Fyrir forráðamenn

- Skila skal netpósti eða SMS frá forráðamönnum við fjarvist vegna veikinda að morgni og daglega, ef fleiri dagar eru í fjarvist. Skila þarf undirrituðu leyfi ef nemandi fer í frí meira en í þrjá daga.
- Skólinn er símalaus – notkun farsíma í tímum og á sameiginlegum svæðum skólans er ekki leyfð milli 8-15 nema með sérstöku leyfi kennara vegna verkefnis.
- Ef forráðamenn þurfa að hafa samband við barn sitt, eru vinsamleg tilmæli að það sé ekki gert í kennslustund. (stundatöflur eru á heimasíðu) Hægt er að hafa samband við skrifstofu eða við kennara og biðja um að viðkomandi nemandi fái að hringja.

7. Skólareglur og viðurlög

Reglurnar gilda einnig í frístund skólans. Hver bekkur setji sér sinn eigin bekkjarsáttmála í tengslum við skólareglur og fari yfir reglurnar og sáttmálann og uppfæri að hausti. Bekkjarsáttmáli sé sjáanlegur á yngsta stigi og 1. og 2. stig skólareglna sé sjáanlegt í kennslustofum á miðstigi og elsta stigi.

1. stig. – væg brot

- Sýna kurteisi og samvinnu í kennslustund og mæta á réttum tíma.
- Hafa snyrtilegt í kringum sig og taka virkan þátt í tímanum.
- Vinna verkefni eftir bestu getu, líka heimanám
- Muna eftir því sem þarf að nota, nesti, sundfötum, eða öðru sem beðið er um.
- Nýta frímínútur til að borða og ganga vel frá rusli og umbúðum í réttar endurvinnslustöðvar. Taka einnota plastumbúðir/fernur aftur með heim.
- Ekki nota hjólabretti, hlaupahjól eða hjól inni á skólalóðinni og ganga vel frá læstum hjólum í hjólaskýli. Hjálmanotkun er skylda.
- Ekki borða sælgæti, gos eða snakk á skólatíma og ekki vera með tyggjó.
- Taka þátt í að halda bekkjarstofu sinni hreinni og snyrtilegri.
- Ganga vel um allt efni og áhöld sem skólinn á og nemendur nota í námi.
- Ganga vel um húsgögn, bækur og aðrar eigur skólans.
- Eingöngu koma með leyfðar þotur í sleðabrekkuna.

Viðurlög 1.-7. bekkur: Munnleg áréttning frá kennara eða starfsmanni, tilkynning til forráðamanna ef endurtekið.

Ábyrgð: Allir kennarar og starfsfólk bera ábyrgð á að tilkynna til viðkomandi bekkjar/umsjónarkennara ef þeir hafa þurft að vara nemanda við vegna brota. Bekkjar/umsjónakennari hefur samband við forráðamenn vegna endurtekinna brota.

Viðurlög 8.-10. bekkur: Munnleg áréttning frá kennara eða starfsmanni, tilkynning til forráðamanna ef endurtekið. Nemandi og forráðamenn hafa rétt á að fá upplýsingar ef endurtekin brot hafa áhrif á lokamat.

Ábyrgð: Bekkjarkennari skráir athugasemdirnar og fagkennari eða bekkjarkennari upplýsir foreldra ef um síendurtekin brot er að ræða.

2. stig – ítrekuð og truflandi hegðun og brot

- Ekki trufla kennslu.
- Ekki svindla í könnunum eða verkefnum.
- Ekki nota síma/snjallúr á skólatíma án leyfis.
- Ekki trufla leik eða verkefni annarra.
- Ekki blóta eða nota meiðandi eða niðurlægjandi talsmáta.
- Ekki ganga í fötum með hatursorðræðu eða táknum um hana í skólanum.
- Ekki kasta hlutum inni/úti sem geta valdið skaða.
- Ekki yfirgefa skólastofuna án leyfis kennara.
- Ekki yfirgefa skólalóðina án kennara / leyfis kennara.

Viðbrögð 1.-7. bekkur: Bekkjarkennari /umsjónarkennari skráir atvik, lætur forráðamenn vita og fundar með nemanda og áréttar skólareglur. Við brot á símareglum er tæki tekið úr umferð og forráðamenn sækja það í lok dags.

Við ítrekuð brot má vísa nemanda í annað úrræði ásamt starfsmanni. Bekkjarkennari boði forráðamenn á fund ásamt nemanda og eftir atvikum deildarstjóra sérkennslu og skólastjórnarteymi og ræðir úrlausnir.

Viðbrögð 8.-10. bekkur: Umsjónarkennari skráir atvik, lætur forráðamenn vita og ræðir við nemanda. Við brot á símareglum er tæki tekið úr umferð og forráðamenn sækja það í lok dags.

Við ítrekuð brot og einbeittan brotavilja má vísa nemanda úr tíma og í annað úrræði ásamt starfsmanni. Bekkjarkennari boði forráðamenn á fund ásamt nemanda, skólastjórnanda og eftir atvikum deildarstjóra sérkennslu/ráðgjafa og ræði bætingu og úrlausnir.

Nemandi og forráðamenn hafa rétt á að fá upplýsingar ef endurtekin brot hafa áhrif á lokamat.

3. stig – alvarleg brot og ofbeldi

- Síendurtekin og alvarleg truflun í kennslutímum.
- Reykingar, notkun nikótínþúða eða veip í skólanum, á lóð skólans eða við lóð skólans.

- Einelti, neteinelti eða önnur áreitni gagnvart nemanda eða starfsmanni skólans.
- Kynferðisleg áreitni, áreitni vegna trúarbragða eða lífsskoðanir, rasískar yfirlýsingar og aðgerðir gagnvart nemanda eða starfsmanni skólans.
- Líkamlegt ofbeldi gagnvart nemanda eða starfsmanni skólans.
- Eyðilegging á eigum skólans.
- Innbrot í skólahúsnæði.
- Notkun eða sala á áfengi eða öðrum vímuefnum í skólanum, á lóð skólans eða við lóð skólans.
- Bera hníf eða önnur vopn í skólanum.
-

Viðbrögð 1.-4. bekkur: Bekkjarkennari lætur forráðamenn vita og skráir atvik. Nemanda fylgt úr tíma í annað úrræði undir eftirliti starfsmanns. Forráðamenn beðnir um að koma og sækja nemanda við ofbeldisbrot. Ef um ofbeldi er að ræða hefur bekkjarkennari samband við foreldra þolanda og boðar forráðamenn geranda til fundar ásamt bekkjarkennara og eftir atvikum deildarstjóra sérkennslu/ráðgjafa. Unnið er að sáttarleið þar sem gerandi biðst afsökunar á gjörðum sínum gagnvart samnemanda. Við síendurtekna og alvarlega truflun í kennslu fái skólinn stuðning foreldra við að bæta hegðun í tímum.

Alvarleg atvik tilkynnt til barnaverndaryfirvalda og haft samband við þjónustumiðstöð og óskað eftir aðkomu þeirra að málinu. Mál tekið upp á kennarafundi og nemendaverndarráðsfundi ásamt stjórnendum og forvarnarteymi skólans.

Viðbrögð 5.-7. bekkur: Bekkjarkennari lætur forráðamenn vita og skráir atvik. Nemanda fylgt úr tíma í annað úrræði undir eftirliti starfsmanns. Forráðamenn beðnir um að koma og sækja nemanda við ofbeldisbrot. Ef um ofbeldi er að ræða hefur bekkjarkennari samband við foreldra þolanda og boðar forráðamenn geranda til fundar ásamt bekkjarkennara, stjórnanda og eftir atvikum deildarstjóra sérkennslu/ráðgjafa. Umsjónarkennari leiðir vinnu eftir sáttarferli ásamt nemendum.

Atvikið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda og haft samband við þjónustumiðstöð og óskað eftir aðkomu þeirra að málinu. Mál tekið upp á kennarafundi og nemendaverndarráðsfundi ásamt stjórnendum og forvarnarteymi skólans. Vísa má nemanda tímabundið úr skóla vegna brots.

Viðbrögð 8.-10. bekkur: Bekkjarkennari lætur forráðamenn vita og skráir atvik. Nemanda fylgt úr tíma í annað úrræði undir eftirliti starfsmanns. Forráðamenn beðnir um að koma og sækja nemandann. Ef um ofbeldi er að ræða hefur bekkjarkennari samband við foreldra þolanda og boðar forráðamenn geranda til fundar ásamt bekkjarkennara, stjórnanda og eftir atvikum deildarstjóra sérkennslu/ráðgjafa. Umsjónarkennari leiðir vinnu eftir sáttarferli ásamt nemendum.

Atvikið tilkynnt til barnaverndaryfirvalda og haft samband við þjónustumiðstöð og óskað eftir aðkomu þeirra að málinu. Mál tekið upp á kennarafundi og nemendaverndarráðsfundi ásamt stjórnendum og forvarnarteymi skólans. Vísa má nemanda tímabundið úr skóla vegna brots.

Auk þess er unnið eftir lausnaleið skóla í 5.-10. bekk eftir verklagsreglum Skóla- og frístundasviðs við alvarlegri brot á skólareglum:

Þ.á.m. vegna: Alvarlegt ofbeldi, líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt, þjófnaður, innbrot í skóla (þar með talið í tölvukerfi), skemmdarverk, áfengis- og fíkniefnaneysla í eða við skóla, sala og dreifing fíkniefna, ógnandi beiting vopns.

https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/verklagsreglur_2012_breytingar_2015.pdf

Verklagsreglur um viðbrögð við lögbrotum á skólatíma og alvarlegum brotum nemenda á skólareglum (sbr. verklagsreglur) bls.4:

Lausnarleið skóla

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Nemandi sendur heim í samráði við foreldra á meðan málið er til frekari skoðunar. Ef samvinna næst ekki við foreldra getur komið til tímabundinnar brottvikningar nemanda á meðan ákvörðun er tekin um framhald málsins.
■ Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnsýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhöfs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu
Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum
3. Ef um ofbeldi er að ræða hefur skólastjóri samband við foreldra þolanda. Ef ekki er um kæru til lögreglu að ræða leitar skólastjóri heimildar foreldra til lausnar málsins innan skólans.
4. Skólastjóri hefur samband við þjónustumiðstöð hverfisins og óskar eftir aðkomu þeirra að málinu.
5. Fundað með geranda og foreldrum hans um framhald málsins. Ráðgjöf og þjónusta boðin frá þjónustumiðstöð hverfisins.
6. Lausnarleið ákveðin í samráði við aðila.
7. Finnist ekki viðunandi lausn er málið tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur sem heldur utan um málið á meðan leitað er frekari lausnar.

Aðkoma lögreglu

1. Skólastjóri tilkynnir foreldrum um málið.
2. Skólastjóri tilkynnir lögreglu um málið og fer fram á rannsókn málsins.
3. Skólastjóri tilkynnir málið til Barnaverndar Reykjavíkur.
4. Skólastjóri grípur til tímabundinnar brottvikningar nemanda.
■ Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnsýslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhöfs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu
Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum
Um framhald máls fer samkvæmt niðurstöðu lögreglurannsóknar.

Waldorfskólinn Sólstafir maí 2025

